



Rauði kross Íslands

3. tölublað

7. árgangur

Október 2000

Göngum til góðs

Landssöfnun

Rauða kross Íslands
gegn alnæmi í Afríku
28. október 2000



Meðal efnis í blaðinu:

- Flugu yfir hálfan hnöttinn til að komast í Öfundarfjörð
- Herör gegn alnæmisplágunni
- Í kaffi hjá flóttamönnunum á Siglufirði
- Fatlaðir bruna niður Blöndu

Alveg einstök tilfinning

Ég er að velta fyrir mér orðinu sjálfbóðaliði. Ég undirrituð hef verið sjálfbóðaliði hjá Fáskrúðs-fjarðardeild Rauða kross Íslands í um fimm ár. Ég ætla að segja frá því hvernig ég lít á það að vera sjálfbóðaliði.

Sjálfbóðaliðastarf er að aðstoða aðra. Ég mundi gjarnan vilja bjarga öllum heiminum en sem sjálfbóðaliði verð ég að sníða mér stakk eftir vexti svo ég brenni ekki strax út í þessu starfi. Rauði krossinn vinnur að mannúðarstörfum og þar fann ég farveg fyrir mitt sjálfbóðastarf. Það er skoðun mín að allir geti starfað sem sjálfbóðaliðar innan Rauða kross Íslands hvort sem þeir eru ríkir, fátækir, menntaðir, ómenntaðir, ungir eða aldnir. Það eina sem þarf er að vera tilbúinn að gefa af tíma

sínum til að sinna öðrum sem aðstoð þurfa í styttri eða lengri tíma. Sú aðstoð getur verið misjöfn eftir því hvar þörfin liggur, til



Ásta Eggertsdóttir sjálfbóðaliði í Fáskrúðs-fjarðardeild skrifar

dæmis að heim-sækja fólk til að rjúfa félagslega einangrun, taka á móti fötum, vera með félagsstarf fyrir börn, unglinga og eldra fólk, fatlaða og ófatlaða, og margt margt fleira sem væri of langt að telja upp hér. Ég er ekki prestur, læknir né í neinu álíka starfi. Það eina sem ég hef að bjóða er áhugi og vilji til að starfa sem sjálfbóðaliði, þó að ég sé í

fullri vinnu og rúmlega það, og reyni að sinna svo fjölskyldunni, sem er númer 1, 2 og 3.

Stundum finnst mér að ég leggi lítið af mörkum í sjálfbóðavinnuna, en það getur samt skipt skjólstæðinginn miklu. Þegar starfað er sem sjálfbóðaliði hjá Rauða krossi Íslands tel ég það ekki vera magnið sem skiptir máli heldur hitt að geta verið með og gefið af sér í þágu mannúðar. Sem dæmi finnst mér sá sem getur unnið eina klukkustund á viku jafn-mikilvægur og þeir sem vinna átta klukkustundir á viku. Það fer bara eftir hverjum og einum hvað hann eða hún getur lagt af mörkum og það ber að þakka það og virða. Því það eru margir sem vinna 100–150% vinnu og bæta þessu svo ofan á. Það er sjálfsagt

misjafnt hvernig fólk sér fyrir sér sjálfbóðaliða en svona er mín sýn. Svo ég gripi til slagorðs frá fyrir-tæki hér á landi þá er það einstök tilfinning sem fer um mig þegar ég veit að ég hef skilað mínu sjálfbóðastarfi vel í þágu þeirra sem minna mega sín.

Lesandi góður, ef þú ert ekki nú þegar sjálfbóðaliði hjá Rauða krossi Íslands en langar samt að vinna eitthvað við mannúðarstörf, athugaðu þá hvort þú finnur ekki eitthvað við þitt hæfi hjá þeim deildum sem starfa víðsvegar um landið. Því það eru allir velkomnir í Rauða kross Íslands.

Heimsókn frá Suður-Afríku

Deildir á Austurlandi buðu Douglas Davidson og Zulfa Johaar frá Western Cape-deildinni í Suður-Afríku til Íslands í maí. Douglas og Zulfa tóku meðal annars þátt í flugslýsaæfingunni 6. maí og hátíða-höldum vegna alþjóðlega Rauða-krossdagsins 8. maí. Þau kynntu sér einnig ýtarlega starfsemi deilda á Austurlandi og heimsóttu allar deildir Rauða krossins á svæðinu

Fyrirhugað er að selja teikningar sem ungmenni í fátækrahverfum Höfðaborgar hafa teiknað. Ágóðinn verður síðan notaður til að efla félagsmiðstöð sem Rauði krossinn starfrækir á þessu svæði. Einnig er áhugi á að aðstoða við að koma upp vel útbúnum sjúkrahúsi.

Þá gerir framkvæmdaætlun Rauða kross deildanna á Austurlandi jafnframt ráð fyrir því að árið 2001 fari fulltrúar af svæðinu í heimsókn til Suður-Afríku til að kynna sér framgang verkefnanna.

Ungmenni á Austurlandi hafa átt í bréfaskiptum við ungt fólk á Western Cape-svæðinu og hefur það mjög orðið til að auka áhuga á vinda-deildasamstarfinu, sem er tvíþætt,



Rauða kross fólk frá Suður-Afríku heimsóttu allar Rauða kross deildir á Austurlandi í heimsókn sinni hingað til lands.

annars vegar verkefni sem miðar að því að koma ungu fólki í fátækrahverfum Höfðaborgar til þroska og hins vegar kennsla í skyndihjálpar og almennri heilsugæslu til sveita á Western Cape-svæðinu þar sem lækni-aðstoðar og sjúkraflutninga nýtur ekki við. Fræðsla um smitleiðir al-

næmis er mikilvægur liður í verkefniinu. Á því er mikil þörf, enda er talið að allt að því fimmtungur landsmanna sé smitaður. Samningur við Western Cape-deildina var gerður til þriggja ára og á því tímabili leggja Rauða kross deildir á Austurlandi fram tæplega tvær milljónir króna.

Hjálp

Rauði kross Íslands

3. tölublað, 7. árgangur, október 2000

Útgefandi:

Rauði kross Íslands
Efstaleiti 3, 103 Reykjavík
Sími: 570 4000 Fax: 570 4010

Netfang: central@redcross.is

Veffang: www.redcross.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Þórir Guðmundsson

Umsjón: Lóa Aldísardóttir

Netfang: thorir@redcross.is

Útlit: Mátturinn og dýrðin

Umbrot: Blaðasmiðjan

Prófarkalestur: Möður Árnason

Prentun: Prentsmiðjan Oddi

Ljósmynd á forsíðu: Þórdís Ágústsdóttir

Upplag: 30.000

Stjórn Rauða kross Íslands:

Anna Þrúður Þorkelsdóttir, formaður

Úlfar Hauksson, varaformaður

Gunnlaugur Dan Ólafsson, ritari

Björn Jónsson, gjaldkeri

Hörður Högnason

Sigurður A. Sigurðsson

Sigurður Kr. Sigurðsson

Torben Friðriksson

Sveinborg Helga Sveinsdóttir

Guðmundur R.J. Guðmundsson

Jóhannes Rúnar Jóhannsson

Guðný Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri:

Sigrún Árnadóttir

Í raun geta allir veitt sálræna skyndihjálp. Kjarninn í sálrænni skyndihjálp, segir Elín, er að vera til staðar þegar fólkið þarf á að halda, hlusta á hvern og einn, sýna honum skilning og gera honum grein fyrir því að líkamleg og andleg einkenni eru eðlileg.



Biðröð eftir áfallahjálp

Húsið hristist og rimlagardínurnar glömrðu heima hjá Elínu Jónsdóttur í Kópavoginum þegar þjóðhátiðarskjálftinn reið yfir. Sólarhring síðar var hún önnum kafin við að veita íbúum á Hellu áfallahjálp vegna skjálftans, þá rétt nýbrýjuð að starfa fyrir Rauða krossinn.

Hinn 1. júní hóf Elín Jónsdóttir, sálfræðingur og kennari, störf hjá Rauða krossi Íslands. Hún er sú fyrsta þar á bæ sem sinnir alfarið sálrænni skyndihjálp. Sautján dögum síðar reið fyrri Suðurlandsskjálftinn yfir. Örfáum vikum fyrir skjálftann hafði 25 manna áfallahjálparteymi með sérfræðingum á ýmsum sviðum verið sett saman til að veita börnum og unglingum áfallahjálp þegar þörf krefði. Þörfin reyndist bara skemur undan en flesta grunaði. Þegar beiðni barst Rauða krossi Íslands 17. júní frá Rangárvallasýslu um áfallahjálp fyrir íbúana var allt til reiðu.

Skjálfti, svefnleysi og kvíði

Elín lagði af stað ásamt tveimur öðrum úr Efstaleitinu strax daginn eftir og þau renndu í hlað rétt í þann mund sem fjölmennur borgarafundur var að hefjast í íþróttahúsinu. „Þá fyrst gerðum við okkur grein fyrir hvað þetta var alvarlegt. Fólkið var svo slegið.“

Sjálfbóðaliðar Rauða krossins á svæðinu voru búnir að opna fjölda-hjálparstöð á Hellu og þegar Elín kom þangað eftir borgarafundinn var þar talsverður fjöldi af fólki. Eftir stuttan samráðsfund með héraðslækninum, sóknarprestinum og sjálfbóðaliðum vatt Elín sér umsvifalaust

í að taka fólkið í viðtöl. Strax um kvöldið hélt hún tvo fræðslufundi um áfallahjálp fyrir leikskólakennara og flokksstjóra í unglingsvinnunni, fólkið sem þurfti að takast á við spurningar yngri kynslóðarinnar daginn eftir. En hvað er eiginlega áfallahjálp? „Áfallahjálpin er stigbundin. Fyrst eftir áfall erum við að veita það sem við köllum sálræna skyndihjálp. Aðalatriðið er að vera til staðar þegar fólkið þarf á að halda, hlusta á hvern og einn, sýna honum skilning og gera honum grein fyrir því að viðbrögð hans eru eðlileg. Flestir sem leituðu til okkar voru líka með líkamleg einkenni, fengu skjálfta, gátu ekki sofnið og fundu fyrir kvíða eða hræðslu. Full-

Hvað fannst fólkinu í Rangárvallasýslu um aðstoð Rauða krossins eftir Suðurlandsskjálftana? (Ný könnun Gallups)

- 88% aðspurðra voru ánægð með framgöngu Rauða kross Íslands á jarðskjálftatímabilinu
- 22% íbúa á Hellu nýttu sér áfallahjálp Rauða krossins
- Einn af hverjum tíu íbúum á Hellu fór í formlegt viðtal hjá sérfræðingi í áfallahjálparteymi Rauða kross Íslands

frískt fólkið á hins vegar bágt með að skilja svona viðbrögð og því felst aðstoðin meðal annars í að sannfæra fólkið um að þessi líkamlegu og andlegu einkenni eru eðlileg við svona aðstæður.“

Óttinn við annan skjálfta

Næstu daga voru starfsmenn og sjálfbóðaliðar á fjölda-hjálparstöðinni önnur kafin við að aðstoða fólkið í einstaklingsviðtölum, fjölskylduviðtölum, á hópfundum og

stórum fræðslufundum. Óttinn við annan og harðari skjálfta hvíldi þingst á fólki, segir Elín. „Svo þegar seinni skjálftinn kom aðfaranótt þriðjudagsins þá létti sumum en öðrum leið verr.“

Að kvöldi 21. júní höfðu þau lokað fjölda-hjálparstöðinni klukkan ellefu. Elín var að ganga til náða eftir langan dag þegar síðari skjálftinn reið yfir laust fyrir klukkan eitt um nóttina. Þá var ekki um annað að ræða en að skunda aftur í grunnskólann og opna fjölda-hjálparstöðina að nýju. „Og þá streymdi þangað fjöldi fólks og sat þar fremur þögult og slegið. Sumir hættu sér ekki inn í skólann. Stóðu bara fyrir utan eða sátu í bílunum á planinu fyrir framann grunnskólann – ef annar skjálfti skyldi koma.“

Fjölda-hjálparstöðin á Hellu var opin í viku á meðan Elín og aðrir í áfallahjálparteyminu tóku fólkið í viðtöl. Það voru ekki síst mæður sem komu í viðtöl með börn sín. Eflaust muna margir eftir snaggalegri stúlku sem birtist í sjónvarpinu og fannst jarðskjálftinn mikið ævintýri og gat bunað út úr sér ráðleggingum Almanna- og sjónvarpsráðsins umhugsunarlaust:

krjúpa – skýla – halda. Mörgum börnunum fannst hins vegar erfitt að finna hvað skjálftarnir höfðu mikil áhrif á fullorðna fólkið. En eitt áttu allir sameiginlegt, segir Elín, og það var sú óþægilega tilfinning að hafa ekki nokkra einustu stjórn á aðstæðum. Það hafa sérfræðingar í áfallahjálp auðvitað ekki heldur – en þeir geta þó að minnsta kosti hjálpað fólki að ná stjórn á vanmáttartilfinningunni sem vaknar þegar náttúruöflin hunsanna mannskepnuna.

Síðari skjálftinn var áfall

Einar Erlendsson, sjúkraflutningamaður á Hvolsvelli og formaður Rauða kross deildarinnar í Rangárvallasýslu, var að sýsla fyrir utan húsið heima hjá sér þegar þjóðhátiðarskjálftinn reið yfir. Jörðin skalf undir fótum hans, húsið hristist og það drundi í loftinu. Þegar jörð varð kyrr á ný fór Einar rakleidis niður á lögreglustöðina á Hvolsvelli. „Þar biðum við eftir fréttum í nokkra stund því bærinn var í fyrstu rafmagns- og símasambandslaus. Þegar björgunarsveitin kom skiptum við liði, röltum um þorpið og bönguðum upp á hjá þeim sem við vissum að bjugu einir til að athuga hvort nokkuð væri að.“

Enginn reyndist slasaður og skemmdir voru litlar. Flestir bæjarbúar voru reyndar í samkomuhúsinu Hvöli að sötra þjóðhátiðarskaffi í tilefni 17. júní þegar jörð tók að skjálfa. Að beiðni almanna- varnarnefndar hafði Rauða kross deildin þó samband við skólastjórnann í þorpinu um kvöldmatarleytið svo hægt yrði að opna fjölda-hjálparstöð í grunnskólann. Hún var opnuð rétt upp úr kvöldmat en fáir mættu og því var henni lokað síðar um kvöldið.

Ástandið var öllu verra á Hellu þar sem fjölmörg hús skemmdust og fólkið var því skelkaðra. Þegar fjölda-hjálparstöð var opnuð á Hellu um miðnættið streymdi þangað fólkið. Einar mætti þar ásamt fleiri sjálfbóðaliðum. „Það kom fljótlega í ljós að fólkið var hræddara á Hellu, sérstaklega eftir seinni skjálftann. Fólk sem hafði flúið úr húsum sínum eftir fyrri skjálftann hafði verið að búa sig undir að fara að sofa aftur heima. Fólk kom þá saman í fjölda-hjálparstöðinni til að spjalla. Menn höfðu greinilega áhyggjur af framtíðinni og það sem var efst í huga fólks var hvernig húsnæði þeirra yrði metið. Það er auðvitað óvissan sem er alltaf verst.“

Tæplega þrjátíu sjálfbóðaliðar stóðu vaktir á fjölda-hjálparstöðinni á Hellu, hituðu kaffi og römbuðu við fólkið. Í heildina heppnaðist þetta fyrsta verulega neyðarhjálpavekefni Rauða kross deildar Rangárvallasýslu vel að mati formannsins og allt gekk samkvæmt áætlun.



Krakkarnir fengu blað og liti og gátu tjáð sig í myndum og máli.



Skulfu af kulda í vestfirsku sumri



Meira en sextíu ungmenni frá ellifu þjóðum komu saman til vikudvalar í Holti í Önundarfirði í sumar. Krakkarnir náðu vel saman þótt ólík væru, gróðursettu burkna á Flateyri, fræddust um starfsemi Rauða kross deilda víðs vegar um heiminn og skemmtu sér konunglega saman á kvöldin.



Konráð Kristjánsson skemmtir gestum með íðilfögnum flautuleik.



Agnar Jón Egilsson leikari var fenginn til að undirbúa götuleikhús á Ísafirði með þátttakendum í kringum eitt af þemaverkefnum búðanna: Gegn ofbeldi. „Þessi vinna þjappaði höpnum vel saman fyrstu dagana og unga fólkíð náði ofboðlega vel hvert til annars.”

utan síns heimahéraðs! „Þetta voru náttúrulega mikil viðbrögð,” segir Konráð Kristjánsson, einn skipuleggjenda búðanna, „sérstaklega fyrir þá sem komu frá Afríku. Þeim fannst hrikalega kalt hérna og áttu erfitt með að skilja að sumir hefðu af fúsum og frjálsum vilja kosið að sofa í tjöldum.”

Misjöfn viðbrögð við drag-keppninni

Þau fengu þá að gista inni í skálanum til að þau ættu sér aðrar minningar úr Íslandsferðinni en að hafa verið nötrandi af kulda í tjaldi íslenska sumarnótt. Þegar ungmenni víðs vegar að koma saman er óhjákvæmilegt að eitthvað komi upp á við árekstur ólíkra menningarheima. Leiðbeinendurnir voru hins vegar vel undir það búnir enda höfðu sumir þeirra starfað í Afríku. „Við gerðum okkur til dæmis góða grein fyrir því að maður býður ekki ungmennum frá Afríku upp á það að strákar og stelpur sofi í sama rými eins og hér þykir sjálfsgagt,” segir Konráð.

Stundum komu kvöldvökurnar sumar-búðargestunum í opna skjöldu. Vesturlandabúarnir grenjuðu af hlátri yfir drag-keppninni sem haldin var síðasta kvöldið en ungmennin frá Afríku og Asíu furðuðu sig nokkuð á þessum tiplandi strákum í kvenlegum skartklæðnaði. „Það verður að segjast að drag-keppnin var mikið sjokk fyrir Afríkubúana og Asíubúana í fyrstu en þeir tóku svo fljótlega undir hláturinn.”

Búa ævilangt að minningum úr Holti

En eins og aðrir sumar-búðagestir fóru þeir heim sælir og ánægðir með nýja reynslu í farteskínu. „Erlendu gestirnir sem fá að fara í svona sumar-búðir koma frá landsdeildum með tugþúsundum sjálfboðaliða. Að fá að fara í svona ferð er mesta umbun sem þau geta fengið. Það er erfitt að mæla árangur svona sumar-búða í einhverju áþreifanlegu en ungmennin taka með sér þessa lífs-reynslu frá Holti og búa að henni ævilangt.”

Ræddi alheimspólitíkina fram á nótt

Þau sátu fram á morgun til að ræða tildrög stríðsins á Balkanskaga, Stefán Einar og ungmennin frá Júgóslavíu sem hittust í sumar-búðunum í Holti. Stefán dvaldi aðeins tvo daga í Holti – en nýtti þá vel. Uppgötvaði meðal annars að háskólanám í verkfræði í Lesótó kostar um 7000 krónur á ári – sem er svimandi upphæð fyrir stúlkuna frá Lesótó sem var boðin til búðanna. Stefán telur vert fyrir Rauða kross Íslands að athuga hvort ekki megi styrkja fólk í þróunarrikjunum til náms.



Það er ógleymanleg reynsla að vera á strjálbýlu svæði eins og Önundarfirði með fólki frá Úsbekistan og Júgóslavíu og læra um pólitísk stríð þeirra langt aftur í aldir, segir Stefán.

Þegar við komum að Holti í Önundarfirði,” segir Stefán Einar Stefánsson, 17 ára nemi í Verslunarskóla Íslands,“ þá kynntist ég þar tveimur mönnum um þritugt frá Úsbekistan. Það er afar sérstætt ríki og segja má að hluti af velferð þjóðarinnar byggist á starfi Rauða krossins. Hreyfingin útdeilir mat til fátækra og eldri borgara og vinnur þar gríðarlega öflugt starf. Það má eiginlega segja að hún sé eins konar sjúkrahús Úsbekistans því ríkisstjórnin vinnur ekki að þessum málum. Við náðum mjög vel saman og ræddum þau mál

sem Rauði krossinn vinnur að og alheimspólitíkina. Síðari nóttina mína í Holti sat ég til fimm um morguninn með Júgóslövonum við að ræða tildrög og orsakir stríðsins í Júgóslavíu. Við röktum málið alveg aftur til konunga á fimmtánda öld. Það er ógleymanleg reynsla að vera á strjálbýlu svæði eins og Önundarfirði með fólki frá Úsbekistan og Júgóslavíu og læra um pólitísk stríð þeirra langt aftur í aldir.”

Menntunin er okkar dýrmæti

Þótt Stefán hafi ekki haft nema tvo daga til umræða nýtti hann tímann vel. „Ég er nú þannig gerður að ég hef einstaklega gaman af því að tala, hvort sem það er á mínu tungumáli eða einhverju öðru sem ég varla skil. Ég gekk á milli fólks og við miðluðum upplýsingum hvert til annars. Það snerti mig mikið þegar ég kynntist þarna tvítugri stúlku frá Lesótó sem er mikill áhugamaður um uppbyggingu tækni og iðnaðar í landi sínu. Hún sagðist því miður ekki geta lagt stund á verkfræði-eða tækninám því það væri svo hrikalega dýrt. Ég leyfði mér að spyrja hversu dýrt það væri. Sjö þúsund krónur, var svarið. Það er eitthvað sem maður getur verið að fá á einum degi í sumarvinnunni sinni. Það er kannski vert að líta á það fyrir Rauða krossinn að styrkja fólk til náms. Þetta tæknisamfélag sem við lifum í hér á landi er byggt á menntun. Tæknisamfélag er ekki hægt að byggja án menntunar, menntunin er það dýrmætasta sem við eigum.”



Anna Prúður heimsótti vígvellina úr stríðinu í Króatíu og fylgdist þar með brunnaheinsun. „Ég vil nú ekki nefna hvað var í þessum brunnum. Menn geta bara ímyndað sér það, þarna var auðvitað rusl, dauð dýr og svo líka annað og verri. Það voru um 10 þúsund brunnar spilltir og enn er gifurlegt verk eftir við að hreinsa þá en það er auðvitað lífsnauðsyn fyrir íbúana að hafa vatn.“



Jelena Amdelie var túlkur Önnu Prúðar í Serbíu. „Jelena er einstaklega elskuleg stúlka. Maðurinn hennar er dýralæknir og þau eru samtals með um 225 mörk á mánuði, eða um 9000 krónur íslenskar, og borga 200 mörk á mánuði í húsaleigu fyrir litlu íbúðina sína í Belgrad. Eftir standa 25 mörk fyrir allt annað. Hún sagðist náttúrulega aldrei hafa látið sig dreyma um nýja flík en fólk reynir að lifa af með því að rækta og stunda vöruskipti. Skiptabransinn er stór hluti af viðskiptunum þarna – þessi gráu viðskipti sem koma hvergi fram.“

Eins og Serbía lægi í Þyrnirósarsvefni



„Þeir Serbar sem ég hitti voru gestrisnir, stoltir og elskulegir og minntu mig dálítið á Íslendinga,“ segir Anna Prúður Þorkelsdóttir, formaður Rauða kross Íslands. Hún fór í fimm daga ferð til Serbíu og Króatíu í sumar til að kynna sér ástandið þar eftir Kosovó-stríðið. Júgóslavía er eitt fátækasta ríki Evrópu með um 700 þúsund skráða flóttamenn og fólk sem hefur hrakist á brott frá heimilum sínum. Um 40% þjóðarinnar lifa á 22 dollurum eða minna á mánuði. Ein milljón manna er talin atvinnulaus og 800 þúsund eru í vinnu en fá ekki greidd nein laun.

Rauði kross Íslands hefur undanfarið ár verið í náinni samvinnu við júgóslavneska Rauða krossinn, hefur meðal annars stutt rekstur súpeldhúsa og sent lopa sem var vel þeginn í flóttamannabúðunum. Auk þess hefur allstór hópur flóttamanna fengið tækifæri til að flytjast til Íslands. Nánar er fjallað um flóttamennina á bls. 10–11.

„Júgóslavarnir eru óhreinu börnin hennar Evu. Það er náttúrulega ekki hægt að ásaka heila þjóð þótt stjórnmöld séu ekki að allra skapi. Kosovó, sem er ennþá hluti af Serbíu, hefur verið í brennidepli, en hjá Rauða krossi Íslands hafa menn lagt sig fram við að styrkja þau

svæði sem eru ekki í mesta sviðsljósinu, því að þar er þörfin oft meiri. Við vissum að það væri fjöldi hjálparstofnana í Kosovó en aðeins örfáar í Serbíu,“ segir Anna Prúður. Því þáði hún boð júgóslavneska Rauða krossins um að koma til Serbíu enda hefur samstarfið við hann verið með ágætum.

Endalausar biðraðir

„Serbía er núna eitt fátækasta svæði í Evrópu. Það er líka mikil fátækt í



Anna Prúður við sólblómaakur í Júgóslavíuferðinni. Á leið hennar til Króatíu var bíllinn stöðvaður við landamærin og þar mátti hún sitja í klukkutíma meðan jörðin sprakk í loft upp allt í kringum bíllinn. „Þeir voru að hreinsa svæðið af jarðsprengjum með því að sprengja þær. Öll landamæralínan milli Króatíu og Serbíu er þéttsetin jarðsprengjum – og það ekki af veikara taginu því þetta eru svokallaðar skriðdrekasprengjur. Það er auðvelt að gera sér grein fyrir því hversu gifurlegur ógnvaldur þetta er þegar sprengjurnar springa við eyrað á manni.“

Kosovó en hún hefur athyglina, samúðina og meiri aðstoð,“ segir Anna Prúður. Í Serbíu heimsótti hún serbnesku deildirnar sem eru í vindaeldasamstarfi við deildir hér á landi, annars vegar lítinn og fallegan bæ, Sremski Karlovei, í hinu flatlenda og frjósama Vojvodina-héraði nyrst í Serbíu þar sem gifurlegur fjöldi flóttamanna hefur safnast saman, og hins vegar fjallahéraðið Uzice sem er syðst í Serbíu. „Það er sárt að koma til þessa fallega lands, Serbíu. Landgæðin eru mikil og fólk- ið virðist þróttmikið en samt er svona komið fyrir þessari þjóð.“ Á meðan Anna Prúður var í Serbíu ríkti viðskiptabann svo hvorki var hægt að selja vörur úr landi né kaupa inn. „Ég sá endalausar biðraðir þarna úti um allt, það hefur varla verið minna en tveggja klukkustunda bið eftir bensíndropanum. Og í þessu frjósama héraði í norðurhlutanum var ósköp lítið um að vera á ökrumum því það vantar varahluti og bensín. Ofan á allt var er nýliðið þurrkasumar svo uppskeran var rýr. Það er eins og landið liggir í Þyrnirósarsvefni.“

Viðskiptabann bitnar aldrei á valdhöfum

Anna Prúður skrápp líka yfir til Króatíu til að ræða við yfirmenn króatíska Rauða krossins. Stór hluti flóttamanna í Serbíu er frá Krajina-

héraði í Króatíu og vonaðist Anna til að hægt yrði að fá leyfi til að þetta fólk fengi að hverfa aftur til síns heima. „Ég átti ágætari viðræður við yfirmenn Rauða krossins í Króatíu en fann að þeir eru ekki tilbúnir til að taka á móti stórum hópi af fyrrverandi Króatíubúum af serbneskum uppruna. Það eru djúpar tilfinningar þarna að baki, þetta er þjóðernissinna fólk. Serbar eru miklir þjóðernissinnar en mér fannst Króatarnir slá allt út.“

Þó eru Króatar mun skár settir en Serbar, segir Anna, enda búa þeir ekki við viðskiptabann eins og Serbía. „Serbar eru í viðskiptalegri einangrun og stöðugt í vörn gagnvart alheiminum. Hremmingarnir í Serbíu í sumar virðast hafa þjappað fólkinu saman um að reyna að lifa allt af. Þessar þrengingar hafa varað í tíu ár og farið síversnandi. Sumaruppskeran var rýr, atvinnuleysið gríðarlegt, fátæktin er örþingd líkust og ef veturinn verður harður horfi ég verulega áhyggjufull á framtíð þessa fólks. Það breytir náttúrulega miklu að viðskiptabanninu hefur verið aflétt. En viðskiptabann bitnar aldrei á valdhöfum, það er almenn-ingur sem líður. Þegar þjarmað er að þjóð þjappar hún sér saman til að þauka.“



Ljósmynd
RAX

Blásið til sóknar

HIV-sýktir og alnæmissjúkir í fátækrahverfum Höfðaborgar liggja sjúkralöguna á skítugum fletum. Þeir sem verst eru settir liggja umkomlausir á beru og röku gólfinu. Engin vatnssalerni, engar vatnslagnir. Svona er ástandið í örbirgðinni í Höfðaborg að sögn Zulfahs Johaars, umsjónarmanns alnæmisverkefnis hjá Rauða kross deild í borginni. Zulfah hafði aldrei komið út fyrir Höfðaborg þegar hún ferðaðist alla leið á Egilsstaði í sumar að heimsækja deildirnar sem hafa stutt við alnæmisverkefnið á þessum syðsta odda Afríku.

Hinn 28. október ætlar Rauði kross Íslands að safna peningum meðal landsmanna. Peningarnir verða sendir til Rauða kross félaganna í Malaví, Mósambík og Suður-Afríku. Þar verður hver króna nýtt til að hlúa að tugþúsundum fórnarlamba alnæmisfaraldursins á svæðinu og efla þar fræðslu til að stöðva þessa veiru sem hefur lagt 11 milljónir Afríkumanna að velli. Þar sem faraldurinn er skæðastur er fólk jafnvel hætt að koma í jarðarfari.

Rauða kross hreyfingin í Afríku hefur nú skorið upp herör gegn HIV-veirunni. Um tvær milljónir sjálfbodaliða ætla að leggjast á eitt, fara um á meðal fólks og hvetja það til að stunda öruggt kynlíf og fara í alnæmispróf – en talið er að 90% allra smitaðra í álfunni viti ekki af því. Alþjóðasambandið ætlar að beita sér á alþjóðlegum vettvangi, fá lyfjafyrirtæki til að gefa alnæmislyf og gera allt sem hægt er til að uppræta þær goðsagnir sem umlykja alnæmi í sunnanverðri Afríku og eiga drjúgan þátt í að gera þennan skæða faraldur að alvarlegu samfélagsmeini.

Féð sem safnast hér á Íslandi 28. október fer allt til verkefna tengdum baráttunni

gegn alnæmi, einkum í Mósambík, Suður-Afríku, Malaví og Simbabve. Í Malaví standa vonir manna hins vegar til þess að hægt verði að opna heimili fyrir munaðarlaus börn fyrir íslenskt söfnunarfé. Börn sem hafa misst foreldra sína úr alnæmi og eru jafnvel smituð sjálf. „Í Mósambík og Suður-Afríku verður þungst áhersla lögð á að fá sjálfbodaliða til að ganga hús úr húsi og fræða fólk um smitleiðir HIV-veirunnar,” segir Sigríður Guðmundsdóttir, skrifstofu-

stjóri alþjóðaskrifstofu Rauða kross Íslands. „Það tíðkast hjá mörgum afrískum karlmönnum að vera með fleiri en eina konu í takinu. Það þarf að breyta þessu hegðunarmunstri. Það er auðvitað erfitt að breyta hegðun heillar þjóðar en það er eina

vonin. Annars held ég að ástandið sé orðið það slæmt að Afríkubúar séu farnir að átta sig á því að alnæmi er orðið faraldur í álfunni. Veiran er komin inn í hverja fjölskyldu á þessu svæði. Til að bæta gráu ofan á svart vaða uppi alls kyns goðsagnir og vitleysur. Það er til dæmis álitnið að karlmenn sem smitast af HIV-veirunni hreinsist ef þeir hafa mök við ungar stúlkur. Þannig að kvenfólk er í meiri hættu frá veirunni en karlmenn.”

„Við ákváðum að efna til söfnunarinnar fyrir baráttuna gegn alnæmi í sunnanverðri Afríku eftir að landsfélögin þar sendu út neyðarkall eftir aðstoð. Alþjóðasambandið hefur gert alnæmisverkefnið í álfunni að forgangsverkefni sínu og skorað á landsfélög í heiminum að taka þátt í starfi gegn þessum faraldri sem ógnar íbúum í sunnanverðri Afríku,” segir Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands.



Smituðu fólkí kastað á dyr

Zulfah Johaar hafði sömu sögu að segja þegar Hjalpin sló á þráðinn til hennar á skrifstofuna í Suður-Afríku. „Í flestum tilvikum kasta fjölskyldurnar hinum sýkta á dyr. Ef móðir smitast er henni oft úthýst ásamt börnum sínum. Eiginmaðurinn og ættingjarnir fordæma hana. Hafi eiginmaðurinn smitað konuna neitar hann yfirleitt að horfast í augu við

„Það er erfitt að uppfæra fulloröna fólk í fátækrahverfunum,“ segir Zulfah, „því það er flest ólæst.“ Fordómar gagnvart alnæmissjúkum grassera í vanþekkingunni í fátækrahverfunum og börn og unglingar sem smitast eru einnig rekin að heiman. Smit er álitíð smáarblettur á fjölskyldunni því sú skoðun er landlægg að kynmök séu eina smitleiðin.



Það og heldur áfram að smita aðrar konur. Lætur sig hverfa og skilur konuna eftir veika að sjá fyrir börnunum.“

Samkvæmt skráum Höfðaborgardeildarinnar eru miklu fleiri konur smitaðar en karlar. „En það er einmitt vegna þess að karlar kjósa að vita ekki af því og neita að fara til læknis í alnæmispróf.“ Zulfah og samstarfsmenn hennar eru í þann veginn að ráða til sín karlmann sem ráðgjafa svo auðveldara verði að fá smitaða karla til að leita sér hjálpar hjá deildinni. Körlunum þykir óþægilegt að mæta í þá hópa sem kvenkyns ráðgjafar veita forystu. „Við erum líka með karlkyns sjálfbóðaliða, sálfræðinema sem kemur til okkar og talar við karlana. Hann virðist ná vel til þeirra og hefur fengið þá til að vera um kyrrt hjá fjölskyldum sínum og halda áfram að sjá fyrir þeim.“

Grænmetisgarður og handavinna

Höfðaborgardeildin leggur ríka áherslu á að aðstoða smitaða við sjá sér og sínum farborða

- 11 milljónir manna í Afríku hafa látist úr alnæmi til þessa ...
- ... sem er 83% þeirra sem hafa látist úr alnæmi í öllum heiminum
- Þriðjungur allra barna í sunnanverðri Afríku missir annað foreldra sinna eða bæði úr alnæmi á næstu 10 árum ef spár ganga eftir
- Um hálf milljón barna lést úr alnæmi á síðasta ári



enda beinir hún aðstoð sinni eingöngu til þeirra sem búa við algera örbirgð. Með aðstoð deildarinnar hafa karlmennirnir nú komið upp grænmetisgarði. Þeir selja uppskeruna, deila hagnaðinum og fá auk þess grænmeti til að færa fjölskyldunni. „Svo kenna starfsmenn okkar konunum að sauma, þrjóna, hekla og þræða perlur. Fyrirtæki hafa stutt okkur í þessu og útvegað okkur efni. Við höfum líka keypt saumavélar og nálar handa konunum og þær búa til alls kyns flíkur sem þær selja og skipta svo á milli sín sölulauninum.“

Börnin af götunni

Zulfah segir augljósa þörf fyrir meira fé í alnæmisverkefnið í Höfðaborg. Vannæring er eitt stærsta vandamálið. Deildin dreifir matarpökkum til alnæmissjúkra en matarbirgðirnar eru orðnar heldur fátæklegar. Þá vantar ævinlega þurrmjólk svo smitaðar mæður freistist ekki til að gefa ungabörnum sínum brjóst. Síðast en ekki síst þarf að bæta aðstöðu fyrir börn og unglinga í fátækrahverfunum. Þau þurfa meira en fræðslu til að halda sig frá götunni. „Við verðum að hafa fleira í gangi fyrir krakkana svo þau lendi ekki í óreglu, eiturlyfjum og glæpa-gengjum. Fótþótti virðist henta vel í fátækustu hverfunum og körfubolti líka, en það er engin aðstaða til knattleikja. Margir af krökkunum okkar eru flinkir teiknarar en við eigum ekki pensla eða málningu. Við höfum svo lítil tók á að finna hvar hæfileikar barnanna liggja. Þau eru framtíð Suður-Afríku og við verðum að gæta þeirra eins og við getum.“



„Það vaða uppi alls kyns goðsagnir um alnæmi á þessu svæði. Það er til dæmis álitíð að karlmann sem smitast af HIV-veirunni hreinsist ef þeir hafa mök við ungar stúlkur,“ segir Sigríður Guðmundsdóttir á alþjóðaskrifstofu Rauða kross Íslands.

Sigmundur Ernir Rúnarsson, skáld og fréttamaður:

Þöglar sögur

Augun sögðu ekki margt. Svört og sviplítill. Eins og dula væri yfir þeim. Tömleg. Hún sat á hækjum sér og bað mig um að gefa sér pening. Sagði please eins og önnur orð væru ekki meiri. Ber hnén og raddblærinn ... jafn aumur voninni. Ég kreppti tærnar í skónum mínum og gat mér þess til að stúlkan væri á svipuðu reki og dóttir mín, níu, kannski tíu. Á þeim aldri þegar ærslin fylla daginn ljóma. Ég hinkraði þarna í ókunnri borg. Horfði um stund í svip hennar. En það var ekki meir.

...

Úti á þurri sléttunni ekur bifreiðin hjá. Mökkurinn þyrlast og staldrar við í stundu dags. Stilla og hiti. Smámsaman verður hún greinanleg eins og tíminn hafi fært hana úr stað. Í fyrstu eins og gyðja út úr upphafsatriði kvikmyndar. Næstum guðleg í tíbránni. Að síðustu, og þegar rykið er sest, eins og fátæk móðir með barn á bakinu. Einþögul. Ekki fæ ég spurt hvert ferðinni er heitið. Og við því er kannski ekki svar.

...

Óvart varð okkur litið hvoru á annað. Og hikið í brosinu var beggja. Svart strítt hárið jafn dimmt blíðu andliti. Augun myrkari nóttu, en lifandi og kvik á miðju barsins. Einsog nóttin lifi ekki dag! Lyftum glösum varlega og lítum undan í huganum. Orðlaus. Tvö ein í týndu landi að finna til.

...

Þöglar sögur eru ortar á ferð höfundar á vegum Rauða kross Íslands til Simbabve í október 2000

Samvíska fyrir tækja



Breskur umhverfisblaðamaður lét þau orð falla fyrir nokkrum árum að ekkert þýddi að sakast við oliurisana í heiminum um olíumengun, einræðisherra sem þeir færðu sér í nyt eða örbirgð samfélagsins sem þjónustaði fyrirtækið. Fyrirtæki eru nefnilega ekki samfélagsþegar, sagði hann, þau eru „núll“. Óháðir, samvískausir þátt-takendur í samfélagi manna.

Bretinn sá var ekki spámannlega vaxinn. Stór og smá fyrirtæki um heim allan taka æ virkari þátt í því samfélagi sem þau byggja á rekstur sinn. Gróðahyggi er ekki allsráðandi og fyrirtæki eru farin að axla sínar þegnskyldur. Rauði kross Íslands hyggst nú færa sér þessa tilhneigingu í nyt.

Tæplega 80% af öllu fjármagni Rauða kross Íslands kom úr spilakössunum á síðasta ári. Ákveðið hefur verið að minnka vægi kassateknanna og leita annarra leiða til að útvega peninga fyrir starfsemi hreyfingarinnar. Ætlunin er að taka upp samstarf við stöndug fyrirtæki í meira mæli en áður og með öðrum hætti. Enda fer „meðvituðum“ fyrirtækjum fjölgandi og í Kanada hafa þau til dæmis stofnað með sér samtök. Íslensk fyrirtæki hafa ekki farið varhluta af þessari þróun. Eins og kunnugt er styrkir Ólís skógrækt í landinu, Landssíminn styrkir Íslenska dansflokkinn og á síðasta ári styrkti Skeljungur mannúðarverkefni á vegum Rauða kross Íslands.

Hagnaðist á bensínsölu

„Við byrjuðum á þessu ári að reyna að tengjast fyrirtækjum þannig að við næðum til almennings í gegnum hans eigin neyslu,“ segir Hannes Birgir Hjálmarsson, markaðsfulltrúi Rauða kross Íslands. Fyrsti samningurinn var gerður við Skeljung. Eina helgina í sumar fékk Rauði kross Íslands þrjár krónur af hverjum seldum eldsneytislítra. Skeljungur auglýsti samstarfið – og gat þannig tengt sig nafni Rauða krossins – og tæpar 840 þúsund krónur runnu til Rauða kross Íslands af bensínsölu þessa helgi.

Þá fór boltinn að rúlla. Skömmu síðar gaf Lyfja 100 krónur af hverjum lyfseðli í þrjá daga og Bláa lónið

gaf ákveðna upphæð af hverjum seldum aðgöngumiða. Bergdal, sem er með umboð fyrir Heinz-tómatsósu, hafði samband að fyrra bragði og gaf ákveðna upphæð af hverjum seldum tómatsósusubrusa í sumar. Í Evróvisjónkeppninni í vor gaf Landssíminn ákveðna upphæð fyrir hverja innhringingu. Nú hefur jóla-tréssali einnig haft samband og hyggur á samstarf. „Það er að breytast nokkuð landslagið í þessum málum,“ segir Hannes Birgir, „og bandarískar rannsóknir sýna að þau fyrirtæki sem tengjast góðum

málefnum hafa náð að fjölga viðskiptavinum. Þetta hefur greinileg áhrif á innkaupamunstur fólks þannig að fyrirtæki eru að verða móttækilegri fyrir hugmyndinni um að styrkja félög eins og okkar. Og með þessu móti komumst við hjá því að standa fyrir framan fólk og biðja það um pening.“

Meiri samvinna við fyrirtæki

Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðinemi í Háskóla Íslands, gerði í sumar úttekt fyrir Rauða kross



Danir eru svo meðvitaðir neytendur, segir Tjörvi, að sumir eru enn að sniðganga frönsk rauðvín út af tilraunasprengingum Frakka í Kyrrahafi fyrir nokkrum árum.

Íslands á því hversu mikið íslensk fyrirtæki gefa til mannúðarmála. Samvinna fyrirtækja og Rauða krossins hefur farið vaxandi á undanföllum árum á Norðurlöndum og í Danmörku hafa menn nú tekið upp þrjú þetta styrktarsamninga við fyrirtæki. Í byrjun ársins gerði danski Rauði krossinn fyrsta 3 ára „aðalstyrktarsamning“ sinn við tryggingafyrirtækið Codan. Gerð var ýtarleg úttekt á fyrirtækinu og var það talið samrýmast kröfum hreyfingarinnar. Samningurinn tryggir danska Rauða krossinum 6 milljónir á þremur árum. Helmingi upphæðarinnar getur hreyfingin varið að vild en hinn er ráðstafað í samvinnu við Codan. „Þessi gamla aðferð, að fyrirtæki styrktu en fengu ekkert í staðinn, er búin að vera. Það verður að vera virkt samband milli fyrirtækis og styrkþega sem felur í sér skyldur fyrir báða aðila.“

Dönsk löggjöf er 30 sinnum rýmri

Tjörvi sendi 147 fyrirtækjum spurningalista þar sem meðal annars var spurt hvort stjórnendur teldu að þeim bæri siðferðileg skylda til að veita styrki til samfélagsins. Úrvinnslu er ekki lokið en þó er vitað að íþróttafélögin fá mest frá fyrirtækjunum, því næst mannúðarsamtök og loks menningin.

Öðru hverju vaknar umræða um að rýmka þurfi skattalögin til að hvetja fyrirtæki til að styrkja ýmis málefni meira en nú er – og hljóta



Bandarískar rannsóknir sýna, segir Hannes Birgir, að fyrirtæki sem tengjast góðum málefnum ná að fjölga viðskiptavinum sínum.

skattaafslátt að launum. Í Danmörku skiptist löggjöf um gjafir fyrirtækja í tvennt. Stakar gjafir upp að um 50.000 kr. ísl. eru frádráttarbærar frá skatti. Geri fyrirtæki eða einstaklingar hins vegar samning við mannúðarsamtök til lengri tíma getur framlagið náð 15% af tekjum og helst samt frádráttarbært frá skatti. „Samsvarandi tala hér er 0,5% af tekjum á ári. Þessi regla á við um einstakar gjafir og framlög til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknaðarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa. Þetta er afskaplega lítið hvetjandi löggjöf miðað við til dæmis í Danmörku eða í Bretlandi. Bretar voru að gera breytingar á þessari löggjöf og framlög til mannúðarsamtaka hafa aukist gífurlega í kjölfarið,” segir Tjörvi.

Vísareikningurinn eða samviskan

En þá erum við komin að því sem mestu skiptir. Hvort almenningur á Íslandi er svo meðvitaður að hann láti samviskuna en ekki yfirvofandi vísareikning ráða ferðinni þegar hann verklar. Meira en helmingur danskra neytenda og ríflega 80% Bandaríkjamanna eru reiðubúin að borga hærra verð fyrir vöru eða þjónustu frá fyrirtæki sem fylgir

siðferðilegri stefnu. Danir eru svo meðvitaðir neytendur að sumir eru enn að sniðganga frönsk rauðvín út af tilraunasprengingum Frakka í Kyrrahafi fyrir nokkrum árum. Svokölluðum „siðferðisfjárfestum“ fer líka fjölgandi, segir Tjörvi, og talið er að þeir ráði yfir um 10% af heildarfjárfestingum í Bandaríkjunum.

Íslendingar eru að vísu seinþeyttir til vandræða og sennilega rekur fáa minni til kjarnorkutilrauna Frakka þegar þeir standa frammi fyrir rauðvínúrvalinu í Ríkinu á föstudagseftirmiðdögum. Tjörvi er þó sannfærður um að hnattvæðingin smíti út frá sér. Viðamikil þúsaldarkönnun sem gerð var meðal 25.000 jarðarbúa í 23 löndum og sex heimsálfum sýndi meðal annars að 48% Bandaríkjamanna töldu að fyrirtæki ættu að gera meira en að græða peninga. Samkvæmt könnuninni er einn af hverjum fimm neytendum svo meðvitaður að hann refsar fyrirtæki eða verðlaunar í samræmi við frammistöðu þeirra í samfélagsmálum. „Staðan er bara þannig í heiminum að þessi alþjóðavæðing er alls staðar að hafa áhrif. En það eina sem við getum gert í stöðunni er að breyta skattalöggjöf og vona að hitt fylgi á eftir – meðvitaðir neytendur og öflugri fyrirtækjastuðningur,” segir Tjörvi að lokum.

... Því meira grænmetisát, því minni líkur á krabbameini. **Krabbameinsfélagið** danska tók upp samstarf við matvælaframleiðandann **Danis** og gaf meðal annars út bækling með grænmetisréttum. Með fylgdi umsóknareyðublað til að gerast félagi í Krabbameinsfélaginu. Danis gaf félaginu 300.000 kr. danskar, 2000 nýir félagar gengu í Krabbameinsfélagið og grænmetissala jókst. Allir græddu. Danis seldi meira, Danir borðuðu meira grænmeti og Krabbameinsfélagið varð öflugra ...

... **Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna** og **Microsoft** lögðu í púkk eftir Kosovó-stríðið. Microsoft sendi 35 starfsmenn til Kosovó í sjálfböðna vinnu hjá Flóttamannastofnuninni. „Þeir komu með tölvur og stafrænar myndavélar og bjuggu til skráningarstofu og skilríki handa þeim þúsundum flóttamanna sem voru skilríkjalausir,” segir Tjörvi. Starfsmenn Microsoft hafa nú sett saman færanlega skráningarstofu sem notuð er í nokkrum löndum Afríku ...

... Í hvert skipti sem Bandaríkjamadur fór á veitingahús í nóvember og desember árin 1992–96 og greiddi fyrir viðurgjörninginn með **American Express**-kortinu sínu runnu 3 sent til **SOS-samtakanna** sem berjast gegn fátækt í Bandaríkjunum. SOS fékk fimm milljónir dollara á ári út úr samstarfinu og fleiri Bandaríkjamenn notuðu American Express og í meiri mæli en áður ...

... Samtökin **Barnaheill í Svíþjóð** gengu til samstarfs við **SAS**-flugfélagið fyrir nokkrum árum. SAS gaf 6 milljónir sænskra króna á ári til Barnaheilla og rann féð beint til stríðshrjáðra barna og barna á flóttu. Þá seldi SAS vörur fyrir Barnaheill í vélum sínum og gaf samtökunum 60% af hagnaðinum. Einnig stóð SAS fyrir söfnunum meðal starfsmanna flugfélagsins. Eitt skiptið söfnuðust 600 þúsund danskar krónur sem runnu til Kosovó. „Yfirmenn SAS sögðust vera með mjög mislitan hóp af starfsmönnum og af ólíku þjóðerni en þetta væri nokkuð sem allir gætu sameinast um ...”



Zdenko, Mirna, Fríða, Maja og Sonja tylla sér á grindverk fyrir utan nýja heimili Loncar fjölskyldunnar á Siglufirði.

Júgóslavía er okkar þátíð

Það var glampandi sól á Siglufirði og fól á fjallstoppum þegar Hjálpin kom að heimsækja nokkra af júgóslavnesku flóttamönnum sem þangað fluttust fyrir rúmum þremur mánuðum. Á leiðinni norður þurfti að ræsa út bensínafgreiðslukonu á Hofsósi. Nývöknud afgreiddi hún bensínið með bros á vör. Þegar brunað var inn í Siglufjarðarbæ stóð karl á götuhorni og glápti ófeiminn á aðkomubílinn. Það er nákvæmlega svona smábæjarsamfélag þar sem ókunnugir vekja eftirtekt og reglur eru sveigjanlegar sem flóttamennirnir frá Króatíu kunna vel að meta. Hjálpin heimsótti tvær króatískar fjölskyldur sem báðar virtust guðslifandi fagnar að vera komnar í öruggt skjól Siglufjarðar.

Króatísku flóttamennirnir tuttugu og þrír komu í lok júní og hafa nú dvalið á Siglufirði í rúma þrjá mánuði. Til að byrja með sótti allur hópurinn kennslu í íslensku en nú er daglegt líf þeirra að færast í fastar skorður. Hinir fullorönu eru komnir í vinnu og börnin í skóla eða leikskóla. Loncar- og Medic-fjölskyldurnar virðast báðar mjög sáttar við sitt

hlutskipti. Íslenskukunnáttan er enn takmörkuð en þau voru með frasana „ekkert mál“ og „mjög gott“ á hraðbergi – og nýttu þá til að svara flestum spurningum. Sjálfsgagt hefðu þau haft á takteinum ýtarlegri svör á sínu móðurmáli en þar sem útsendari Hjálparinnar er heldur fákunnandi á þá tungu fóru samtöl fram á íslensku. Nokkuð sem Loncar-hjónin á Hólaveginum voru nú hreint ekki mótfallin. Þegar boðist var til að nota ensku þar sem íslenskuna þraut tók Sonja Loncar af skarið og tilkynnti skörulega: „Ég tala bara íslensku.“

Ekkert mál!

Sonja og eiginmaður hennar Zdenko eru frá borginni Zadar í Króatíu. Þar starfaði Zdenko sem rafvirki en Sonja var heimavinnandi. Þegar ófriður fór að magnast í landinu fluttu þau út í sveit skammt frá Zadar en 5. ágúst 1995 flúðu þau með Maju eldri dóttur sína frá Króatíu til Svartfjallalands. Síðustu fimm árin bjuggu þau í leiguhúsnæði í Svartfjallalandi og þar fæddist yngri dóttir þeirra,

Mirna, sem er nú orðin fjögurra ára gömul.

Líf Loncar-fjölskyldunnar er óðum að færast í eðlilegt horf. Zdenko fékk vinnu sem rafvirki hjá Rafbæ. Sonja er komin í starf á leikskólanum í bænum og er nú farin að spila badminton tvisvar í viku í íþróttahúsi bæjarins ásamt Fríðu úr annarri stuðningsfjölskyldunni. Loncar-hjónin munu vera gestrisin mjög og Fríða hrósar Sonju fyrir einstakan dugnað við bakstur en hún ku

leggja í köku eða hnoða deig í braud upp á næstum hvern dag. Sonja bandar frá sér þegar hún er spurð hvort erfitt sé að fá hráefni í almennilegan króatískan mat á Siglufirði: „Ekkert mál! Þegar það er gott fólk þá er ekkert mál.“

Fríða segist þó hafa heyrt á Sonju og Zdenko að þau beri nokkurn kvíðboga fyrir siglufirskum vetri – enda hafa þau séð myndir af vildu samt ekki kannast við vetrarkvíðann en bættu því við að Mirna litla hefði aldrei séð snjó og fengi nú sennilega að sjá nóg af honum í vetur. Þau hjónin virðast líka staðráðin í að aðlagast lífinu á Siglufirði. Eldri dóttirin, Maja, sem er 10 ára, hafði setið hljóð á meðan hinir fullorönu spjölluðu saman með handapati og hjálp orðabókar en greip ákveðin fram í þegar spurt var hvort þau hygðust fara aftur heim til Júgóslavíu í framtíðinni eða hvort þau

vildu setjast að á Siglufirði. „JÁ!“ hrökk upp úr Maju sem leit svo feimnislega á fulloröna fólk. „Það



Maja og Mirna fengu fullt af Barbí-dúkkum frá Siglufirðingum en Dalmatíuhundana fengu þær senda frá ömmu og afa í Króatíu.

var alltaf heitt í Svartfjallalandi. Alltof heitt.”

Maja var reyndar komin út að leika sér með krökkunum daginn eftir komuna til Siglufjarðar. Og hún leggur hart að sér við íslenskunámið og er þegar orðin læs á íslensku. Sítur daglega yfir Orðaskyggni til að bæta við orðaforðann. Uppáhaldsbókin er Vor í Ólátagarði og hún söng fyrir útsendara Hjálparinnar „Allir krakkar” og „Sá ég spóa suðrí flóa” eins og innfæddur.

Það var ekki annað að heyra á foreldrum Maju en að þau væru sama sinnis. Daginn fyrir viðtalið bárust stórtíðindi frá Júgóslavíu. Fólkið hafði gert uppreisn og Milosevic ját- að sig sigraðan í beinni útsendingu júgóslavneska ríkissjónvarpsins. En Sonja og Zdenko bönduðu bara frá sér og ypptu öxlum. Byltingin í Júgóslavíu kom þeim ekkert við. „Júgóslavía er ekki okkar vandamál,” sagði Sonja, „hún er okkar þátið.”

Kostunica er miklu betri

Elsta dóttir Medic-hjónanna, Radmila, hafði líka fylgst með fréttum frá Júgóslavíu. Þessi snaggarlega 13 ára stúlka er sjálfskipaður talsmaður fjölskyldu sinnar enda komin lengst á veg í íslenskunáminu. Radmila reiddi fram bunka af fréttum úr júgóslavneskum dagblöðum sem hún hafði prentað út af netinu og er



Lazo og Ljubica með tvö af yngstu börnunum. Radmila haróneitaði að láta mynda sig. Sagðist eiga þrjár myndir af sér og langaði greinilega ekkert til þess að fjölga þeim.

sannfærð um að Kostunica, hinn nýbakaði forseti Júgóslavíu, sé miklu betri en Milosevic. „Ef Milosevic ekki fara þá Nato koma aftur. Hann [Kostunica] segir að það er bara einn illur maður í Júgóslavíu og það var Milosevic.”

Radmila býr í Hafnartúninu ásamt foreldrum sínum og systkinum í tveggja hæða húsi. Það voru talsverð viðbrigði eftir að hafa búið í einu herbergi í flóttamannabúðum síðastliðin fimm ár. Áður bjó fjölskyldan í bænum Dunji Lapac í Króatíu en flúði þaðan allslaus á traktor árið 1995. Fjölskyldan hefur svo stækkað nokkuð í flóttamannabúðun-

um en þau Ljubica og Lazo eiga nú sex börn. Radmila er þeirra elst en síðan koma Milena, 12 ára, 8 ára piltur sem heitir Radovan, Snezana litla sem er 3 ára, Bojana systir hennar, 2 ára, og sá yngsti í hópn- um, Milan sem er rétt orðinn eins árs.

Fólk er gott á Siglufjörður

Medic-fjölskyldan átti þess kost að velja á milli Ástralíu, Bandaríkjanna, Íslands og Finnlands en að sögn Radmilu voru mamma hennar og pabbi bæði ákveðin í að fara til Íslands. „Ástralía er of stór og heit,” útskýrir Radmila, „og Chicago er ekkert fyrir okkur. Þegar við fara á annan fund með Hólmfríður, 13. apríl árið 2000, sagði mamma og pabbi að við vilja fara til Íslands.” Það

hefur eflaust átt mikinn þátt í ákvörðun þeirra að föðursystir Radmilu kom á sínum tíma með flóttamannahópnum sem fór á Blönduós. Fjölskyldan sér ekki eftir því að hafa valið Ísland. Lazo er kominn með vinnu í rækjuvinnslunni og krakkarnir eru allir komnir í skóla og leikskóla. „Fólk er gott, mjög gott, á Siglufjörður.”

Eftir það sem Radmila hefur gengið í gegnum á sinni stuttu ævi þykir henni nú lítið mál að ganga í íslenskan skóla. Móðurmálið er skemmtilegast, segir hún, og skólinn er „ekkert mál”. Hún er að vísu lítið farin að taka þátt í félagslífi bæjarins, „fótbolti er hundleiðinlegur” og „strákarnir eru ógeðslega ljótir”. Og íslenskt ljúfmæti fer heldur ekki vel í bragðlauka Radmilu, rjómalagaða súpan sem þau fengu við komuna til Siglufjarðar var „ógeðslega vond” og hvítur uppstúfur þykir henni ekki síður viðbjóðslegur. Þrátt fyrir þessa annmarka á íslenski tilveru vottaði ekki fyrir söknuði eftir Júgóslavíu og enginn í fjölskyldunni virtist stefna á að komast aftur heim til Króatíu þótt ástandið yrði þar lífvænlegt. „Ó, nei. Við ætlum að eiga heima á Íslandi. Bara heimsækja oft Króatíu,” segir Radmila snögg upp á lagið. Þagnar síðan stundarkorn og horfir einbeitt út um gluggann. „Nei, annars, ekki skrifa oft. Við ekki fara alltof oft. Bara stundum.”

Siglfirskur sjálfboðaliði

Jón fer á fætur klukkan hálf-sex á morgnana, skellir sér í bað, fær sér bita og keyrir síðan fram í fjörð eða út á strönd. Þar situr hann í um 20 mínútur. Einn með sjálfum sér í kyrrðinni og vaknar með morgninum. Áratugum saman hefur þessi næðisstund veitt Jóni orku til að takast á við daginn.

Og er víst engin vanþörf á orku þegar Jón Dýrfjörð, sjálfboðaliði hjá Siglufjarðardeild Rauða krossins, er annars vegar. Jón rekur vélaverkstæði í bænum og er þar með 18 manns í vinnu. Í tæpa tvo áratugi hefur hann auk þess verið öflugur sjálfboðaliði hjá Siglufjarðardeildinni og þar áður starfaði hann með skátahreyfingunni. „Ég veit nú ekki alveg hvað fékk mig til að ganga til liðs við Rauða krossinn. Ég var með skátastarfið hérna í rétt rúmlega tvo

áratugi og var því búinn að vinna lengi með ungu fólki. Þegar skátastarfið lagðist af fannst mér ég verða að nýta þennan tíma einhvern veginn sem ég þóttist hafa aflögu.”

„Aldrei unnið með sterkari manni,” segir formaður deildarinnar, Halldóra S. Jónsdóttir sem hefur nú heldur ekki látið liggja á liði sínu þegar hreyfingin er annars vegar. „Hann afkastar ótrúlega miklu og var primus mótör í að standsetja íbúðirnar fyrir flóttafólkið frá Júgóslavíu.”

Móttaka flóttamannanna 23 er óneitanlega stærsta verkefnið sem Siglufjarðardeildin hefur tekist á hendur. Þegar bærinn hafði fundið sjö íbúðir handa fjölskyldunum frá Króatíu þurfti að útvega allt frá teskeiðum til sófasetta í hverja íbúð. Jón gerir lítið úr sínum þætti við móttöku flóttamannanna en segir hana hafa tekist vel í alla staði.



Jón Dýrfjörð einn með sjálfum sér frammi í firði þar sem hann kemur flesta morgna til að hlaða sig orku fyrir daginn.

„Ég undirbjó komu þeirra ásamt tugum annarra. Maður gerði þetta fyrst og fremst vegna ánægjunnar yfir því að geta gert vel við þetta fólk sem er trúlega búið að líða mikið og upplifa hörmungar sem við getum ekki gert okkur í hugarlund.”

Vel gekk að fullbúa íbúðirnar og ógrynni af fatnaði safnaðist handa flóttafólkinu, segir Jón. „Fólkið

virðist vera mjög ánægt hérna. Það hefur látið sér um munn fara að það sé ánægt að koma inn í svona lítið samfélag sem er afslappað, rólegt og áhættulítið. Það kemur svo bara í ljós hvort það ilengist hér.”

Stjórn Siglufjarðardeildarinnar þakkar öllum þeim sem hjálpuðu til við að undirbúa komu flóttamanna.



Það eru ættingjar Mirads í Sarajevó sem segja sögu hans, föðurbróðir hans, Djúka (Ari Matthíasson), og kona hans, Fazila (Rósa Guðný Þórsdóttir).

„Fór að hugsa um litlu systur mína“

Mirad var rétt skriðinn á táningsaldurinn þegar Serbar réðust á heimabæ hans í Bosnía og hann varð viðskila við fjölskyldu sína. Með ævintýrlegum hætti tókst honum að flýja vígvöllinn í Bosnía og komast til Hollands. Hollenskur höfundur komst yfir dagbækur pilsins og skrifaði leikritið Mirad – drengur frá Bosnía sem Jón Hjartarson hefur nú þýtt og sett á svið í Borgarleikhúsinu.



„Mér fannst þetta alveg ágætt leikrit. Það var samt eiginlega of langt,“ segir Elísabet Jóhannesdóttir í 8. bekk Árbæjarskóla. Hún var nokkuð viss um að í sömu aðstæðum mundi hún snúa aftur á átakasvæðið að leita móður sinnar eins og Mirad gerði.



„Það var nú ekki svo skemmtilegt en það var gaman að fræðast um þetta,“ segir Gunnbjört Þóra Sigmarsdóttir í 8. bekk Árbæjarskóla. Gunnbjört segist ekkert hafa vitað um stríðið í Júgóslavíu áður en hún fór á leikritið. „Nei, ég á ekki auðvelt með að setja mig í spor Mirads og mig langar sko ekki að lenda í svona.“



„Mér leist bara vel á þetta leikrit, það var mjög gott,“ segir Sverrir Rafn Sigmundsson, 13 ára í 8. bekk í Árbæjarskóla. „Ég hef ekkert verið að horfa á fréttir þannig að ég vissi frekar lítið um það sem gerðist þarna.“ Hann segist þó skilja aðeins betur það sem gerðist eftir að hafa séð sýninguna. Áhrifamikið atriði þar sem Mirad horfir upp á litlu systur sína deyja snerti við Sverri og gat hann þá vel sett sig í spor Mirads. „Þegar hann fór að tala um litlu systur sína þá fór ég að hugsa um litlu systur mína.“

Reykjavíkurreið Rauða kross Íslands ákvað að bjóða öllum nemendum í 8.–10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur, alls 3.800, á leiksyninguna Mirad í vetur. Tílefnið er 50 ára afmæli deildarinnar. „Við höfum haft spurnir af fordómum almennings í garð flóttafólks sem kemur hingað. En við vonum að þetta átakanlega leikrit opni augu unglinga fyrir vanda flóttamanna og reynslu. Aukinn skilningur vinnur gegn fordómum,” segir Sigurveig H. Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Reykjavíkureildarinnar.

Áætlaðar eru 26 sýningar á leikritinu fyrir reykvísk ungmenni og nú þegar hafa borist pantanir frá Rauða kross deildum víðar á landinu.

Hollenski rithöfundurinn Ad de Bont byggði leikrit sitt á dagbókum drengsins, bréfum sem hann skrifaði ættingjum sínum í Sarajevó og opinberum gögnum. Leikritið hefur nú verið sýnt um gervalla Vestur-Evrópu og í Kanada enda lýsir það reynslu flóttafólks á áhrifamikinn hátt. Reynslu sem verður enn átakanlegri fyrir þá sök að við lifum atburðina um augu píltis sem er vart kominn af barnsaldri.

Mirad átti heima í bænum Foca í suðurhluta Bosníu. Hinn 7. apríl 1992 fagnaði hann 13 ára afmælisdegi sínum. Hinn 8. apríl réðust Serbar inn í Bosníu og smábærinn Foca varð fyrsta skotmark þeirra. Serbar tóku höndum systur Mirads, foreldra og ættingja og hann stóð eftir, 13 ára gamall, einn í heiminum. „Mirad flúði þá til Sarajevó þar sem hann átti ættingja,” segir Jón Hjartarson, þýðandi verksins og leikstjóri, „síðan lendir hann í fangabúðum en kemst svo eftir allar hörmungarnar til Hollands með aðstoð hjálparstofnana.” Mirad dvelst í Hollandi skamma hríð sem flóttamaður en finnur enga eirð í sínum beinum og snýr fljótlega aftur til Bosníu að leita uppi móður sína. Nú ætti Mirad að vera orðinn rösklega tvítugur en afdrif hans eru ókunn. Ekki er vitað hvort hann er lífs eða líðinn.

Skelfilegt návígi

„Það sem gerir þessa sögu svo áhugaverða er hvað drengurinn lýsir þessum skelfilegu atburðum af miklu ædruleysi, jafnvel bjartsýni og von,” segir Jón. Þótt

ædruleysi einkenni frásögn drengsins voru það einmitt áhyggjur af yfirvofandi stríði sem urðu til þess að Mirad fór að skrifa dagbókina sína nokkru áður en Serbar réðust inn í Bosníu. „Borgarastríð er auðvitað átakanlegt, því þar liggur við að bræður berjast. Í átökum í Bosníu voru nágrennar og vinir allt í einu komnir í hár saman. Jafnvel makinn gat verið einn af Óvininum því að það var mikið um blönduð hjónabönd í Bosníu. Þetta varð skelfilegt návígi og hvergi illvígara en í höfuðborginni, Sarajevó, þessari yndislegu borg sem varð að víti á jörðu. Svona átök laða yfirleitt fram það versta í samfélaginu. Þeir sem eru ofbeldishneigðir eða haldnir einhvers konar brenglun – þeir blómstra. Það blossar upp alveg ótrúleg grimmd og verður enn heiftarlegri þegar átökin eru í svona miklu návígi.”

Horfumst ekki í augu við stríðsfréttir

Jón segir viðbrögð unglinganna við átakanlegri sögu Mirads hafa verið nokkuð merkileg. „Mér hafa sýnst þau verða ansi skekin enda er þetta engin skemmtisaga. Þess vegna var það samdóma álit okkar og Rauða kross fólksins að nauðsynlegt væri að búa þau undir sýninguna og aðstoða þau við að vinna úr áhrifunum.”

Rauði kross Íslands útbjó því kennslugögn fyrir kennara svo þeir geti búið nemendur sína undir leikhúsförðina. Eftir sýninguna hafa, þegar þess er óskað, verið í boði umræður um verkið og for sögu þess. Margs konar spurningar

vakna hjá unglingunum. Um hremmingar flóttamanna, bakgrunn persóna í leikritinu og aðrar sem fullorðið fólk á engu auðveldara með að svara en unglingarnir: Af hverju brýst eiginlega út svona borgarastríð?

Eðlilega eru þeim hins vegar efst í huga afdrif Mirads og þau vilja vita hvað varð um þennan 13 ára dreng sem mátti þola svo margt. „Það er einmitt þetta sem gefur þessu svo mikið gildi. Þarna er lifandi einstaklingur að segja sögu sína, strákur sem er á sama reki og krakkarnir að tala beint til þeirra. Þetta er ekki fréttufrásögn þar sem við erum upplýst um tölu látinna og særðra, eins og við heyrum daglega frá átakasvæðum í fjölmiðlum. Það er svo óræður fjöldi að við getum ekki horft í augu við þessar fréttir. Það snertir okkur miklu frekar þegar einn einstaklingur stígur fram úr þessum hörmungum, þessum stríðsfréttum, og segir sögu sína. Það er svo yfirþyrmandi og hreinlega ógjörningur að ætla sér að hafa meðlíðan með þessum órafjölda sem lendir í stríðsátökum. Við ráðum hins vegar við það tilfinningalega að setja okkur í spor eins manns.”

- Gagnstætt því sem margir halda leita fæstir flóttamenn hælís í Vestur-Evrópu. Fátækustu ríki heims taka á móti flestum flóttamönnum. Að eins 5% allra flóttamanna hafa fengið griðastað á Vesturlöndum.
- Níu af hverjum tíu fórnarlömbum stríðsátaka eru almennir borgarar
- Flóttamönnum hefur fjölgað um 80% á tíu árum
- Talið er að 50 milljónir manna séu á flótta ...
- ... sem þýðir að einn af hverjum 120 íbúum jarðarinnar er flóttamaður



„Þessi átök eru svo flókin að menn freistast til að fordæma Serbana en það er nokkuð mikil einföldun. Mér finnst þetta verk tiltölulega heildarlegt gagnvart öllum aðilum stríðsins.”



„Mér fannst uppsetningin ekki nógu flott en sagan var náttúrulega mögnuð enda eru þetta hræðilegir atburðir,” segir Kolbrún Björt Sigfúsdóttir í 10. bekk Hagaskóla. „Umgjörðin var svolítið fátækleg. Maður fékk á tilfinninguna að það væri verið að spara voðalega mikið. Bara verið að segja söguna og af hverju þá ekki að gefa þetta bara út á bók? Ef sýningin hefði verið meira leikrit en frásögn þá hefði maður tekið hana meira inn á sig.” Kolbrún taldi verkið þarft í sjálfu sér en sagðist þó alls ekki hafa orðið vör við útlendingafordóma í Hagaskóla – nema síður væri. „Útlendingum er alls ekki illa tekið. Þeir spjara sig jafnvel betur af því að Íslendingar eru með minnimáttarkennd og allt sem er útlenskt þykir flott ...”



Alvin Zogu er líka 13 ára í 8. bekk Árbæjarskóla. Alvin er Kosovó-Albani að uppruna. Hvernig fannst honum að fylgjast með leikritinu? „Það var svona allt í lagi. Ættingjar mínir hafa lent dálítið í svona málum í Kosovó en ég skil eiginlega ekkert í þessu.” Alvin fæddist í Noregi og fluttist að eins 8 mánaða gamall til Íslands.



Það sló Úlf hve æðruleisur íbúar þurrkasvæðanna virtust vera. „Menn sáu fram á að líf þeirra væri að hrynja. Búnir að missa flestar eða allar sínar skepnur en töldu sig ennþá eiga von. Ég hef séð mörg dæmi þess í Afríku að menn missa vonina, setjast að í tóminu og bíða eftir dauðanum. Þarna voru menn hins vegar að líta til framtíðar og bjarga því sem bjargað yrði.“

Æðruleysi á þurrkasvæðum

Úlfur Björnsson var önnur kafinn við vinnu sína hjá Landgræðslu ríkisins í vor þegar síminn hringdi skyndilega. Annars hugar svaraði hann símanum. Gegnum tólið barst beiðni um að fara í leiðangur á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins eftir nokkra daga til að meta ástandið á þurrkasvæðum í Asíu. Svára strax, takk.

Úlfur ráðgaðist umsvifalaust við fjölskyldu og vinnuveitanda og hringdi svo um hæl til að játa beiðninni. Nokkrum dögum síðar var hann lagður af stað til þurrkasvæðanna í Asíu ásamt hópi sérfræðinga. Beiðni Alþjóðasambandsins kom nú ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti því Úlfur hefur áður unnið fyrir Rauða krossinn, sem sendifulltrúi bæði á Filabeinsströndinni og í Kenýa. Úlfur er landfræðingur með meiru og var ráðinn leiðangursstjóri í þessari fjögurra vikna ferð um þurrkasvæðin í Pakistan, Afganistan og á Indlandi. Þessi átta manna hópur sérfræðinga átti að meta hvort íbúar á þurrkasvæðunum þyrftu aðstoð og þá hvers konar aðstoð.

Reyndist ekki vera neyðarástand

„Það höfðu verið óvenjumiklir þurrkar á þessu svæði samkvæmt fréttum hjá til dæmis CNN og BBC,“ segir Úlfur, „en skoðun okkar leiddi í ljós að ástandið var í raun ekki jafnslæmt og látið hafði verið í veðri vaka – nema hjá mjög litlum hópum sem lifir við hungurmörk að öllu venjulegu.“

„Við skoðuðum aðallega tvö svæði í Pakistan. Annað var lágland eyðimörk og þar var einhver skepnufellir og ákaflega þurrt. Við lögðum til að matvæladreifingin færi upp í 25% af fullum skammti og vildum jafnframt að menn hefðu tilbúna áætlanir um hvert fólk gæti farið ef

haustrigningar brygðust og brunnavatnið yrði salt því þá verður óbyggilegt þarna í eyðimörkinni. Þarna var um milljón manna í hættu,“ segir Úlfur. „Hitt svæðið var miklu stærra, þurrkurinn hafði varað miklu lengur og haft meiri áhrif á grunnvatnið.“ Sameinuðu þjóðirnar voru að hefja víðamikla aðstoð á þessu svæði og því lagði hópurinn til að Rauði krossinn einbeitti sér aðeins að einu héraði af um 20 á svæðinu.

Framtíðarlausnir ekki í sjónmáli

Úlfur segir fáar langtímalausnir í sjónmáli til að milda áhrifin af þessum öfgum náttúruafllanna. Fátt sé í raun til ráða nema aðstoða fólk þegar neyðin blasir við. „Skógarhöggjó sem hófst á sléttunum þarna fyrir um þremur öldum er höfuðástæðan fyrir þessum gríðarlegu þurrkum og afleiðingar þess eru núna að koma fram. En svo er þéttbýlið líka að aukast og í Vestur-Pakistan er mannfjölgun sennilega ein helsta ástæðan fyrir neyðinni sem kemur upp á þessum árstímum.“ Ekki þýðir, segir Úlfur, að koma böndum á vatnsbúskapinn með því að grafa eftir vatni í iður jarðar. Vatnið er sótt í djúpar borholur sem veldur því að grunnvatnsstaðan lækkar og aldagamalt áveitukerfi þornar upp. Í raun er fátt til ráða nema nota minna vatn, til dæmis með því að leggja minni áherslu á akuryrkju.“

– Þið skrifuðuð svo skýrslu með tillögum um aðstoð. Höfðu ráðleggingar ykkar áhrif?

„Já og nei. Í Afganistan er ákveðin samvinna milli Alþjóðaráðs Rauða krossins og Alþjóðasambands landsfélaganna, sem Alþjóðaráðið hefur forystu fyrir, eins og alls staðar á ófriðarsvæðum. Þar varð ofan á að haga aðstoðinni með öðrum hætti en við höfðum lagt til. Í Pakistan og á Indlandi var okkar ráðum fylgt að mestu.“

Sólveig Ólafsdóttir skrifar frá Indlandi:

Af flóðum, fólki, litum og landleysi

Mannmergð og litir. Sú mynd kemur fyrst upp í hugann þegar ég lít til baka til vettvangsferðar minnar til Indlands um miðjan ágúst. Það er sama hvar mann ber niður, í afskekktum þorpum eða milljónaborgum – hvarvetna er ótrúlegur fjöldi fólks í litríkum klæðum. Og vegalengdirnar. Fimmtán tíma akstur í Landcruiser eftir sveitavegum sem gegna ekki aðeins augljósu samgöngu-hlutverki heldur eru einnig samkomustaður fólks og leiksvæði húsdýra. Hrisgrjónum dreift á heita steypuna til að flýta fyrir þurrkun. Bílstjórinn er ótrúlega leikinn í íþróttagrein sem ekki hefur enn ratað á Ólympíuleikana – svokallað geitasvíg. En eftir smátíma rennur það upp fyrir manni að þrátt fyrir ringulreiðina lýtur umferðin ströngum reglum sem fólk, farartæki og jafnvel dýr virðast þekkja í þá. Það.

Um leið og fréttir bárust af gífurlegum flóðum á Indlandi fyrstu vikuna í ágúst, þar sem hundruð fórust og milljónir misstu heimili sín, gaf Alþjóðasamband Rauða krossins út hjálparbeiðni og óskaði eftir 300 milljónum íslenskra króna til að aðstoða 200 þúsund manna í þrjá mánuði. Ég starfa í höfuðstöðvum Alþjóðasambandsins í Genf og var því send 13. ágúst ásamt fjórum öðrum til að meta aðstæður í þeim fimm fylkjum Indlands sem verst urðu úti í flóðunum.

Ferðin hófst í Assam. Við fórum þorp úr þorpi og ræddum við ráðamenn og heimamenn til að kanna hverjar helstu þarfirnar væru. Það er líka landeyðing á Indlandi – hin miklu fljót sem liðast um norður- og norðausturfylkin hreinlega gleypa í sig landið. Jafnvel þegar flóðin sjatna eru hrisgrjónaakrarnir horfnir og heilu bæirnir undir vatni. Fólk er neytt til að lifa hirðingjalífi – neytt til að flytjast stað úr stað í burt frá árbökkunum á hverju einasta ári. Og það er hreinlega of margt fólk, og of lítið land til að lifa af. Neyðin er mikil – en efst á lista er að veita fjölskyldum skjól og aðgang að ómengdu vatni til að forðast útbreiðslu sjúkdóma. Áhrifa uppskerubrests er enn ekki farið að gæta, en það gæti gerst á næstu mánuðum.

Eftir þriggja vikna ferð um fjögur fylki Indlands, sem hvert um sig hefur 20–60 milljónir íbúa, kemur í ljós að neyðin er sú sama þó að aðstæður séu fjölbr



Sumarævintýri á Löngumýri

Sjóstangaveiði, flúðabrun, reiðtúr, sundferðir, kvöldvökur, diskótek og grillveisla voru meðal þess sem sumarbúðagestir í gamla húsmæðraskólanum á Löngumýri í Skagafirði upplifðu í sumar. Hreinasta ævintýri, enda ekki daglegt brauð hjá fötluðu fólki að komast á gúmmibát niður Blöndu, að ekki sé talað um fjölfatlað fólk í hjólastólum. En þegar viljinn er fyrir hendi er fötlun engin fyrirstaða.

Í fyrrasumar stóð Skagafjarðardeildin í samvinnu við Félagsþjónustuna á Sauðárkróki og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra að sumarbúðum fyrir fatlaða í reynsluskyni. Tilraunin heppnaðist eins og best varð á kosið og því ákváðu Rauða kross deildir á Norðurlandi að starfrækja sumarbúðir fyrir fatlaða og ófatlaða í júlí og ágúst í sumar leið. Þrjár hópar komu í búðirnar, rösklega 30 manns á aldrinum 11–56 ára, og dvöldust á Löngumýri í góðu yfirlæti í tíu daga hver. Skemmst er frá því að segja að fólkið skemmti sér konunglega.

63 fiskar í einum túr

Skagafjarðardeildin hafði veg og vanda af sumarbúðunum og það var formaður hennar, Karl Lúdvíksson íþróttakennari, sem hafði umsjón með starfseminni. Stútfull dagskrá beið sumarbúðargestanna sem komu hvaðanæva af landinu. Dagurinn hófst með morgunbæn og staðgöðum morgunverði en að honum loknum dreif hópurinn sig yfirleitt út úr húsi til að halda á vit ævintýra dagsins. „Við vorum með nokkra fasta liði á dagskránni, fórum til dæmis í sjóferð á hverju tímabili. Í upphafi höfðum við hugsað okkur að fara í kringum Drangey og framhjá Þórðarhöfða og Málmei. En svo gerðist það á fyrsta tímabilinu að við borðuðum nestið okkar hjá Drangey. Ómar Unason skipstjóri bauð þeim sem vildu að prófa að veiða. Það þáðu þau og þótti svo gaman að sjóstangaveiði varð að föstum lið. Fyrsti hópurinn veiddi þrettán fiska en í öðrum og þriðja túr veiddum við 63 fiska í hvorum túr!“

Eftir sjóferðina var iðulega slegið upp sjávarfangsveislu á Löngumýri

Matthías brá á leik á einni kvöldvökunni og vakti mikla kátínu.



Brynjar fylgist glaðhlakkalegur með þegar vænum þorski er vipað yfir borðstokkinn. Það reyndust vera miklar aflaklær í sumar-búðahópnum, jafnvel þótt fæstir krakkanna hefðu áður dyft öngli í sjó. Tveir hópanna komu með rifflaga sextíu fiska hvor í land!



Sigurður „konnari“ frá Akureyri komst á tótið með aðstoð Theódórs, Rúnars og Jóns bónda á Neðri-Ási. Sigurður skemmti sér konunglega í sumarbúðunum og sletti þýsku hvenær sem færi gafst – enda nýlega búinn að sitja þýskunámskeið í höfuðstað Norðurlands.



að hætti kokksins, Árna staðarhaldara og Maríu konu hans. Flestir vildu taka sína veiði með sér heim og fá þá „sinn“ fisk og engar refjar! Tveir hópanna komu við í Ólafshúsi á Sauðárkróki á heimleiðinni og þáðu pitsuveislu í boði hússins. Nokkrir fiskar voru skildir þar eftir í þakk-lætisskyni.

Úr hjólastólum í gúmmibátinn

Allir gestirnir skruppu einu sinni á hestbak og fengu að skoppa niður Blöndu á gúmmibátum, því sem kallast er „rafting“ upp á ensku. Ekki má heldur gleyma Solferino-leiknum sem Karl setti saman til að kynna unglingum starfsemi Rauða kross hreyfingarinnar og fræða þá um sögu Rauða krossins. Auk þess var leiðsögn í skyndihjálp. Dósla myndmenntakennari af Króknum kom þrisvar í heimsókn á hverju tímabili, meðal annars til að mála á rekavið, útbúa steinkarla og þrykkja á dúka með krökkunum. Vesturfarasetrið á Hofsósi var heimsótt og þegar svo heppilega vildi til að einn hópurinn var staddur á Löngumýri um verslunarmannahelgina var að sjálfsögðu brunað á Skagatrönd til að taka



Sumarbúðirnar fóru ljómandi vel fram, segir Karl sumarbúðastjóri, þótt ýmislegt megi laga og færa til betri vegar næsta sumar.

þátt í Kántríhátíðinni hans Hallbjarnar Hjartarsonar.

Í lok hvers dags hélt hópurinn síðan upp í Varmahlíðarlaguna. „Það er svo gott fyrir þau að slaka á í sundi eftir erfiðan dag. Þeim líður svo vel í lauginni. Við vorum með vatnsleikfimiæfingar fyrir þá sem vildu, sumir tóku sundsprett en aðrir slökuðu á.“ Að vísu tók engin afslöppun við eftir sundferðina því kvöldvökur voru haldnar á hverju kvöldi og fengu þá allir sem vildu að láta ljós sitt skína. Sumir spiluðu á píanó, aðrir höfðu uppi grín og enn aðrir sungu. „Rakel söng einsöng á einni kvöldvökunni og við hældum henni svo mikið að hún vildi syngja á hverri kvöldvöku og við hvert tækifæri eftir það,“ segir Karl brosandí. Síðasta kvöldið var svo slegið upp veislu með grillmat og diskóteki þar sem allir gátu sveiflað sér í takt við sumarsmellina.

Langamýri kjörinn staður fyrir sumarbúðir

Hver þátttakandi greiddi 27 þúsund krónur fyrir tíu daga dvöl og rann sú greiðsla óskert til Löngumýrar fyrir alla aðstoð, mat, gistingu og þrif. Þar fyrir utan var heildarkostnaður um 1,5 milljón króna sem deilist niður á allar Rauða kross deildirnar á Norðurlandi. Til að létta á deildunum hefur Karl sent út bréf til fyrir-tækja og félagsamtaka með beiðni um 20–30 þúsund króna styrk.

Þrjár til fimm starfsmenn voru að jafnaði í búðunum, fyrir utan fylgdarmenn þeirra sem voru í hjólastólum, og töluverð sjálfböðavinna var einnig innt af hendi. Reynslan í sumar sýndi hins vegar, segir Karl, að geðfatlaðir þurfa ekki síður kunnugan fylgdarmann en þeir sem bundnir eru hjólastól. „Að öðru leyti gekk þetta mjög vel og það er búið að samþykkja að halda þessu áfram enda er Langamýri kjörinn staður fyrir svona sumarbúðir.“

Rakel hafði yndi af einsöng. Hún söng oft á kvöldvökum við undirleik fiðlu, flautu og gítars. Hún hafði hugsað sér að syngja á tíndi Mælifellshnjúks en þangað komst hópurinn ekki að þessu sinni. Hún lét sér því nægja að syngja í miðri fjallshlíðinni. Þar stíllti hún sér upp í sólskininu og söng hástöfum uppáhaldslagið sitt. Blátt lítið blóm eitt er, svo undir tók í Skagafirði.

Samtaka gegn umferðarslysum

Landsmenn voru minntir á hlutverk Rauða krossins í skyndihjálpararkennslu á fyrsta Evrópudegi í skyndihjálpi, sem haldið var upp á um alla Evrópu þann 16. september. Í Reykjavík tók fjöldi stofnana og félagasamtaka þátt í deginum með Rauða krossi Íslands með hátíð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardalnum í Reykjavík.

Sérstaka athygli vakti björgunaræfing, en krakkar úr Ungmennahreyfingu Rauða krossins settu á svið bílslys á ákaflega raunsæjan hátt. Þau sýndu meðal annars hversu mikilvægt er að þeir sem fyrstir koma að bílslysi kunni að bregðast við með einföldum handbrögðum sem geta bjargað mannlífum. Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn komu einnig að „slysinu“ og þá gegndu skyndihjálparliðar

mikilvægu hlutverki við að róa æstian vin hinna slösuðu.

Evrópudagur í skyndihjálpi er samstarfsverkefni evrópskra Rauða kross félaga. Um alla Evrópu leggur Rauði krossinn nú mikla áherslu á að efla verulega skyndihjálparkunnáttu almennings enda geta einföld viðbrögð oft bjargað mannlífum og komið í veg fyrir varanleg örkuml.

Samkvæmt evrópskum rannsókn-um styttest lífslíkur eins af hverjum 80 Evrópubúum um 40 ár vegna bílslysa. Einn af hverjum þremur Evrópubúum má eiga von á því að fara á sjúkrahús eftir að lenda í slysi í umferðinni.

Hér á landi var í nýlegri skýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa bent á að oftsinnis hefði það skipt sköpum ef þeir sem fyrstir komu að tilteknum slysum hefðu kunnað að bregðast við. Í skýrslunni er sagt að brýnt verkefni sé að ráða bót á van-



Krakkar úr Ungmennahreyfingu Rauða krossins settu á svið bílslys á ákaflega raunsæjan hátt.

kunnáttu almennings í skyndihjálpi.

Rauði krossinn útskrifar á hverju ári milli 6.000 og 10.000 manns í skyndihjálpi, en samkvæmt samningi við Almannavarnir ríkisins hefur félagið forystuhlutverk í útbreiðslu skyndihjálparkunnáttu.

Samstarfsaðilar Rauða krossins við framkvæmd Evrópudagsins voru Íþrótt- og tómsundaráð Reykjaví-

ur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Lögreglan, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Umferðarráð, Neyðarlínan, Árvækni, Lyfjaverslun Íslands, Blóðbankinn, Ökukennarafélag Íslands, Vegagerðin, Sjóvá Almennar og Félag íslenskra bifreiðaeigenda.

Fyrstir á vettvang

Það var síðdegis á sunnudegi í febrúar að tveir bílar skullu saman á Vesturlandsveginum. Skammdegisrökkrið var að hvolfast yfir, kalt, og snjór yfir öllu. Það kom sér vel fyrir farþega bílanna að fyrstir á slyssað voru Gunnar Berg, landsliðsmaður í skyndihjálpi, og félagar hans úr Björgunarsveitinni Ársæli.

Gunnar er á síðasta ári í Kvanna-skólanum og björgunarsveitarmaður

til margra ára. Hann er auk þess landsliðsmaður í skyndihjálpi og keppti fyrir hönd Rauða kross Íslands á Evrópumótinu í Austurríki í fyrra. Svo heppilega vildi til að Gunnar og félagar hans voru að koma af leitartækninámskeiði í Vind-áshlíð þetta sunnudagssíðdegi í febrúar. Fyrstur á vettvang var því heill hópur af björgunarsveitarmönnum sem tók umsvifalaust við stjórnun á slyssað. „Það var búið að



hringja í Neyðarlínuna þegar við komum þannig að formaður björgunarsveitarinnar tók að sér að stjórna aðgerðum. Tveir voru sendir sinn hvorum megin við bílana til að stöðva alla umferð. Síðan fórum við að athuga hvernig fólkinu í bílunum leið. Það var ungt par í öðrum bílnum. Strákurinn var í lagi en stelpa var föst í bílnum þannig að við skorðuðum höfuðið á henni ef vera skyldi að hún hefði fengið högg á hrygginn eða hálsáverka. Í hinum bílnum var

ung kona með smábarn. Litla barnið hágrét og var í sjokki þannig að maður var settur í að sjá um barnið. Svo settum við hálskraga á konuna og gáfum henni súrefni úr súrefniskút því hún átti í öndunarerfiðleikum,” segir Gunnar. Þegar björgunarsveitarmennirnir voru þannig búnir að tryggja að engin frekari slys yrðu á fólki fór lögreglu- og sjúkrabíla að drífa að. Betur fór en á horfðist og þótt bílarnir væru verulega skemmdir reyndist til allrar hamingju enginn alvarlega slasaður.

Atvinnuvegasýning

Í september var atvinnuvegasýning Vestfjarða í íþróttahúsinu á Ísafirði. Ungmennahópur Rauða krossins var með bás og kynnti Rauða krossinn og Gamla apótekið fyrir sýningargestum. Gamla apótekið er kaffi- og menningarhús fyrir ungt fólk, 16 ára og eldra. Húsið er opið fyrir almennig á öllum aldri til kl. 18 alla daga og fyrir ungt fólk eftir kl. 18. Í húsinu er útvarpsstöðin Útvarp Apótek, nettengt tölvuver og ýmsir klúbbar. Þá er nýr alþjóðaklúbbur að hefja starfsemi sína í Apótekinu og félagar í honum ætla að hafa samskipti jafnaldrá sína úti í heimi með aðstoð Rauða krossins

Skagafjarðardeild í húsnæði

Það var nú í ágúst sem Skagafjarðardeildin festi kaup á húsnæði á Sauðárkróki. Að loknum endurbótum verður þar aðstaða fyrir skrifstofu og samkomur en einnig veglegur lager og geymsla. Nú hafa átta deildir af þrettán á Norðurlandi eignast eigin starfsaðstöðu og óhætt að segja að það hafi reynst mikil lyftistöng í starfinu.

Dagþjónusta á Akureyri

Í samvinnu við Geðverndarfélag Akureyrar vinnur deildin nú að opnun dagþjónustu líkt og veitt er í Vin í Reykjavík og Dvöl í Kópavogi. Dagþjónustan verður að

Þingvallastræti 32. Verið er að ganga frá ráðningu starfsfólks og setja upp nauðsynlegan búnað en enn vantar þó ýmsa innanstokksmuni. Vonir standa til að unnt verði að opna dagþjónustuna um mánaðamótin október-nóvember.

Fréttablað á Vesturlandi

Stærstu verkefni deilda á Vesturlandi að undanförunu hafa verið útgáfa fréttablaðs sem verður dreift í öll hús á svæðinu, mótaka ungmenna frá Gambíu og flutningur á gámi til vinadeildarinnar í Gambíu. Deildirnar buðu kennurum á Vesturlandi að sjá Mirad - dreng frá Bosníu á þingi sínu 29. september við góðar

undirtektir. Fyrirhugað er að bjóða nemendum í 8.-10. bekk á Vesturlandi að sjá sýninguna.

Áhersla á ungmennamál

Allar deildir sendu fulltrúa á svæðisfund Vesturlands á Patreksfirði 30. september. Á fundinum var ákveðið að allar deildirnar á Vesturlandi legðu sérstaka áherslu á ungmennamál, skyndihjálpi og aðstoð við þá sem minna mega sín í heimabyggð. Einnig urðu menn sammála um að endurnýja samninginn við gambíska Rauða krossinn til tveggja ára.